

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2019  
UST201902-158/B.S.  
10.05.01

**Efni: Umsögn - Breyting á efnistöku - Svartagilslækur Berufjörður**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif efnistökunnar sjálfrar séu þegar fram komin og muni frekar efnistaka litlu bæta við þau áhrif í sjálfu sér.

Hins vegar er mjög mikilvægt eð reynt verði að haga frekari efnistöku þannig að það efni sem væntanleg berst niður í farveginn haldist innan hans og ógni ekki nýjum vegi neðst í farveginum og væntanlegri nýrækt næst læknum.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerðin er ítarleg og gerð er góð grein fyrir framkvæmdinni og aðstæðum.

Virðingarfullst

Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur